



Pungskýjað í grennd við Nýjadal en sólin lætur ekki buga sig. Ekta íslensk stemming, dimmt landslag sem ekki er að þykjast vera eitthvað annað en það er.



Klukkan var þrjú að morgni á Snæfellsjökli, ég tók mér smáhvöld við tindinn.

„Ísland er öðruvísi“

Hedi Kairouannais er franskur arkitekt og ljósmyndari heillaður af Íslandi

Eftir Kristján Jónsson kjon@mbl.is

Hedi Kairouannais er franskur arkitekt, hann er fertugur og býr og kennir við arkitektaháskóla í Lyon. En hann er líka þjálfaður áhugaljósmyndari og hefur tekið ástfóstri við Ísland en hann kom hingað fyrst árið 1993. Frá 2003 hefur hann verið hér á hverju sumri og stundum dvalið í nokkra mánuði. Og Hedi þekkir landið betur en margir innfæddir þar sem hann hefur farið í ótalmargar gönguferðir um hálendið og ekki síst Vestfirði.

Fékk áhuga á fólkinu

„Fyrst var ég aðallega áhugasamur um landslagið en fékk seinna áhuga á fólkinu og menningunni,“ segir Kairouannais. „Ég var bæði að læra að taka myndir og átta mig á Íslendingum!“

Sjálfur er ég frá svæði sem er nálægt Ölpunum og fór þar oft í gönguferðir og kleif fjöll. Ég er því vanur gönguferðum í erfiðu landslagi en Ísland er á margan hátt öðruvísi, ekki síst vegna veðursins, allra umhlypinganna. Menn verða að læra á þetta og það tekur tíma að átta sig á því hvernig maður bjargar sér hér í gönguferðum.

Ég hef gengið mikið á svæðinu í grennd við Þórisjökul nálægt Kaldadal. Þetta var svolítið snúið, engar merkingar og ég var einn. Eini félagsskapurinn var landslagið. Og auðvitað erfitt af því að ég bar allt sem ég þurfti á bakinu, tjald og þess háttar.

Í sumar gekk ég um svæði hjá Langjökli við Hvitárvatn. Það var fín ferð, jökullinn var alls staðar svo nálægur og heillandi. En ég hef líka farið með jeppamönnum í Naustavík sem er ekki langt frá



Akureyri, þeir voru á Landroverjeppum. Það var líka mjög gaman, þetta var skemmtilegur félagsskapur.

En ég reyni alltaf að verja að minnsta kosti einni eða tveim vikum á Vestfjörðum þegar ég kem hingað, það er svo sérstök stemming þar og landslagið engu líkt. Ísland skiptist í mínum huga í þrennt. Fyrst er það Reykjavík. Svo landsbyggðin en Vestfirðir eru svo þriðja landið, eins og annars konar Ísland.

Þoka á Hornströndum

Ferðalögin hafa valdið því að landið hefur opnast fyrir mér. Öðru hverju lendir maður í svo lítið ísbyggilegum aðstæðum.

Polarolje

Selólía, einstök olía



Gott fyrir:
Maga- og þarmastarfsemi
Hjarta og æðar
Ónæmiskerfið
Kolesterol
Liðina

Meiri virkni
Hátt hlutfall Omega 3 fitusýrur

Minn læknir mælir með Polaroliunni, en þinn?

Nýtt!
Nú líka í hylkjum

Polarolían fæst í:
apótekum, þín verslun Seljabraut, heilsuhúsum, Fjarðarkaupum, Fiskbúðinni Trönuhrauni og Melabúð



Þær láta ekki allar mikið yfir sér, íslensku sveitakirkjurnar.



Ljósmynd/Hedi Kairouannais

Snjókoma um fimmleytið að morgni á Kaldadal eftir ferðalag umhverfis Þórisjökul - myndin var tekin í júlí! Þetta er ferðabíllinn trausti, heimili mitt og skjól á flestum ferðum mínum á Íslandi.



Einu sinni var ég einn á Hornströndum. Fyrsta daginn var sól og blíða en næsta dag lenti ég í dimmri þoku, sá varla nokkurn skapaðan hlut og var smeykur um að villast. En ég var með gps-tæki og það bjargaði málunum. Einu sinni var ég á Kaldadal um mitt sumar, vaknaði einn morguninn og þá var fimm sentimetrar þykkur snjór yfir öllu!

En þegar þung ský hvíla yfir landinu og veðrið er að breytast og sums staðar glittir í sól eru góð skilyrði til að taka afbragðs myndir. Það er mikil dramatik í þessu, sterkar andstaður og ekki auðvelt að mynda það. En yfirleitt er ég að leita að þannig aðstaðum.



Þegar ég flutti til Frederiksberg fyrir um ári, með mann og þrjú börn, reiknaði ég með að vera með annan fótinn á Strikinu og hinn á Nýhöfn. Raunin er hins vegar sú að Frederiksberg hefur upp á svo margt að bjóða að ég fer sjaldan út fyrir bæjarmörkin. Bærinn er sérlega fjölskylduvænn. Þar eru fallegir garðar og leikvelli, góð veitingahús, skemmtilegar verslunargötur, að ógleymdum dýrargarðinum sem allir verða að heimsækja.



Sigríður Inga Sigurðardóttir

Frederiksberg, eða Friðriksberg, er bær inni í miðri Kaupmannahöfn með eigið ráðhús og borgarstjórn. Við hliðina á ráðhúsinu er fjölbreyttur flóamarkaður sem er opin á laugardögum frá apríl og fram í október. Þar er alltaf líf og fjör og hægt að kaupa flest á milli himins og jarðar á góðu verði. Danir hafa minna geymslupláss en við Íslendingar eigum að venjast, og því eru þeir fljótir að losa sig við dót sem þeir hafa ekki þörf á. Ég mæli hiklaust með því að prúttu við sölufolkíð. Ef þorstinn sverfur að þá er Svejk á næsta götuhorni, krá sem heitir eftir góða dátanum, en þar er tékkneskur bjór í fyrirrúmi. Skammt frá er verksmíðjusala með gæðavarning frá Royal Copenhagen og Georg Jensen, í múrsteinsklæddu húsi þar sem áður var postulínverksmiðja. Hluti af Copenhagen Business School er við sömu götu en við þann skóla hafa margir Íslendingar stundað nám.

Í næsta nágrenni er Frederiksberg Have, stór og einstaklega fallegur lystigarður sem fyrr á öldum var í einkaeigu konungsins. Garðurinn er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni og þangað förum við oft, að sjálfsgöðu með nesti eins og sannir Danir. Fyrir börnin er sérstakt leiksvæði, í garðinum eru ótal skemmtilegar gönguleiðir, þar hittist fólk og heldur veislur, jafnvel brúðkaupsveislur, og frá Frederiksberg Have sést yfir til fíllanna í dýrargarðinum. Á veturna er hægt að renna sér á skautum á svelli við aðalinnganginn sem

snýr út að Frederiksberg Runddel. Hægt er að leigja sér skauta og kaupa sér kaffi eða rjúkandi heitt kakó. Á þessum slóðum eru mörg veitingahús. Sum þeirra bjóða upp á ekta danskan mat og er þá ekki úr vegi að fá sér flæskesteg með öllu tilheyrandi. Þegar líða tekur að jólum bjóða flest veitingahús upp á eplaskífur með flórsykri og sultu en það er órjúfanlegur hluti af jólastemningunni, svo ekki sé minnst á jólaglöggið.

Gammel Kongevej er aðalverslunargatan, sérlega sjarm-erandi með verslunum af öllu tagi. Þar eru t.d. margar barnafatabúðir sem leggja áherslu á danska hönnun, kven- og herra-fataverslanir, skóbúðir, smurbrauðsstofur, bóka-verslanir og veitingahús. Mörg atriði úr grínþáttunum Klovn eru tekin upp í þessu nágrenni, svo það er aldrei að vita nema maður rekist á aðalleikarana.

Dýrargarðinn verða allir að heimsækja en hann var opnaður fyrir 150 árum. Þar ætti fólk á öllum aldri að skemmta sér vel. Við förum reglulega í dýrargarðinn, enda er þar alltaf eitthvað nýtt að sjá. Hluti hans er hannaður með þarfir barna í huga og þar má t.d. sjá íslenska hestinn. Dýrargarðurinn er skreyttur fyrir jólin og þar myndast skemmtileg jólastemning sem enginn ætti að láta framhjá sér fara. Það er því alltaf nóg um að vera og margt að skoða á Frederiksberg, hvort sem er að vetri eða sumri til.

Sigríður Inga mælir með

Cafe den Blá Hund
Godthábsvej 28
Vinsælt kaffihús sem býður upp á góðan „brunch“ um helgar.

Café Lindevang
Sløjfen 6
Ekta danskur matur og sérlega gott smurbrauð frá kl. 11:30-15:30.

Lucky Sushi
Dirch Passers Allé 17 (rétt hjá Flintholm-metrastöðinni)
Ekki í alfaraleið en frábært sushi. Einnig boðið upp á heimsendingu.

Frederiksberg Centret
Falkoner Allé 21
Hæfilega stór/lítil verslunarmiðstöð með helstu búðunum, m.a. hinni sívinsælu H&M. Í metró er farið út á Frederiksberg-stöðinni.

Georg Jensen Factory Store
Søndre Fasanvej 7
Jólaóróar, jólaskraut, matarstell, gljös og allt mögulegt frá Georg Jensen og Royal Copenhagen á betra verði.

Jólaferð til Wiesbaden 3. - 6. desember

Allar skoðunarferðir innifaldir!

Aðventan er tími ljóss og friðar. Ilmurinn af jólaglöggi og brenndum möndlum liggur í loftinu. Í þessari jólaferð höldum við til Wiesbaden sem stendur á bökkum Rínar, rétt vestur af Frankfurt, þar sem við gistum í 3 nætur á hóteli við göngugötuna. Í Wiesbaden er adventustemning og í miðbænum er fallegur jólamarkaður þar sem upplýstir englar svífa yfir litríku jólahúsunum. Boðið verður upp á bæjarrölt með fararstjóra, en eins gefst tækifæri til að kanna bæinn á eigin vegum, versla dálítið eða fylgjast með mannlifinu frá einu af fjölmörgum kaffi- og veitingahúsum sem miðbærinn hefur upp á að bjóða. Við förum einnig í dagsferð til Rüdeseim, sem er vinsæll ferðamannabær við ána Rín. Í hjarta bæjarins er hinn skemmtilegi „Jólamarkaður þjóðanna“, þar sem hægt er að kaupa fallegar gjafavörur og fylgjast með hvernig handverk frá hinum ýmsu þjóðum er unnið. Þá er upplagt að ylja sér við jóladrykkinn „Glühwein“ á meðan gengið er á milli jólabásanna. Allur miðbærinn er skreyttur jólaljósum og gaman að röltu um og njóta jólastemningarinnar til fulls.

Fararstjóri: Marianne Eiríksson
Verð: 79.800 kr. á mann í tvíbyli
Innifalið: Flug, skattar, hóteltgisting í 3 nætur með morgunverði, ferðir til og frá flugvelli í Frankfurt, skoðunarferð til Rüdeseim og íslensk fararstjórn.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 **ferðapjónusta bænda BÆNDAFERÐIR**

Lífrænn

Sorbet ís

Jarðarberja Kókós Mangó

Frískandi og góður!

Sorbet ís fæst í: Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðin, þín verslun Seljabraut, Yggdrasill, Brauðhúsið, Maður lífandi og Blómaval

Bio-Bú
Lífrænar mjólkurvörur